

Grímsnes- og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Selfossi 13. janúar 2025

Efni: Ósk um aukinn kennslukvóta í Grímsnes- og Grafningshreppi 2025

Í haust fékk Tónlistarskóli Árnésinga aukinn kennslukvóta frá Grímsnes- og Grafningshreppi og fjölgaði kenndum klst. við það úr 8,5 klst. í 9,5.

Nú hafa umsóknir bæst á biðlistann, sem okkur langar að bjóða pláss. (Erum t.d. að fá gítarkennarann okkar úr fæðingarorlofi).

Biðlisti. Á biðlista í Grímsnes- og Grafningshreppi eru núna 7 umsækjendur. Okkur langar að taka núna (1. febrúar) inn 2 – 3 nemendur ef hægt er, þ.e. 1 – 1,5 klst. Í haust hefðum við áhuga á að geta bætt við 3 klst. til viðbótar, en það fer auðvitað eftir fjölda umsókna.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 958.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýtast. Ef skólinn þarf ekki leyfðan fjölda klst. (t.d. ef nemendur hverfa frá námi) fækkar greiddum klst.

Með von um góðar undirtektir,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri